

## AUGLÝSING

5

15. jan.

um breytingu á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Sauðárkróki,  
nr. 153 11. nóv. 1948.

1. gr.

2. málsgrein 2. greinar orðist svo:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa opnar sölubúðir til miðnættis, svo og er heimilt að hafa opið til kl. 22, einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. janúar 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

6

26. jan.

um breytingu á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:

Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum, rjóli og neftóbaki skal vera 15%, miðað við verð Tóbakseinkasölnunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. febr. 1957, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 14. sept. 1950, um breytingu á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

*Fjármálaráðuneytið, 26. janúar 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzone.*